

**3. fundur Skólaráðs 9. september 2010**  
**Grunnskólanum á Hólmavík kl. 17:00.**

**Mættir eru:** Jóhanna Kristveig Guðbrandsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson, Sverrir Guðmundsson, Vala Friðriksdóttir, Stella Guðrún Jóhannsdóttir, Sigrún María Kolbeinsdóttir, Arnór Jónsson og Hildur Guðjónsdóttir sem ritar fundargerð.

**Utan dagskrár, tekið upp frá síðasta fundi - umræður um valgreinar í 8. -10. bekk:**

Nú eru komnir of margir í hestaval. Kennarinn er að hugsa um að skipuleggja þetta og reyna að koma öllum fyrir. Umræður um listaval, þar fá nemendur að hafa áhrif á viðfangsefnin og velja sér hvað þeir vilja hanna og vinna. Tónlistarval – þeir sem eru að læra á hljóðfæri hafa kost á að velja það sem valgrein og með því móti fá nemendur það metið sem valgrein og eru hvattir til þess að gera það. Það er skylda að mæta í tónfræði með tónlistarnáminu og í tónlistarvali.

1. **Heimanám:** Um þessar mundir er mikið rætt um heimanám í skólum landsins og skiptar skoðanir um hvernig því á að vera háttað. Hvað segir Skólaráð um það?  
Mismunandi skoðanir sem komu fram:
  - a) *Heimanám er gott, með því ná foreldrar að fá innsýn inn í nám barna sinna.*
  - b) *Heimanám í stærðfræði - foreldrar vita oft ekki hvað á að gera. Bækur sem fara heim eiga að vera þess eðlis að nemendur geti unnið þær sjálfir, þannig að það sé þjálfun og æfing í því sem þau kunna fyrir. Foreldrar eiga ekki að þurfa að kenna heldur aðeins að aðstoða.*
  - c) *Nýtt fyrirkomulag í 1.-4. bekk, vikuskammtur – námsefnið fer heim á mánudegi og því er skilað aftur á mánudegi, hentar mjög vel og það er mikil ánægja með það.*
  - d) *Magn heimanáms skólans er hæfilegt, ekki of mikið. Meira hjá yngri deild en eldri.*
  - e) *Unglingadeild, mikið að gera hjá krökkunum, íþróttir, tónlist, félagsstörf, sem gerir það að verkum að nemendur læra seint á kvöldin.*
  - f) *Nemendur tala um að þeir hafi þurft að reiða sig á aðstoð foreldra sinna við úrlausn stærðfræðidæma.*

Bjarni upplýsir Skólaráð um að það sé nú hópur í kennarahópnum að skoða þessi mál og skilar niðurstöðum eftir 6 vikur. Rætt er um að foreldrar eiga að vera óhræddir við að láta í ljós skoðun sína um nám barna sinna og mættu vera duglegri að hringja í viðtalstímunum og ræða við kennara um námsefnið og umfang heimanáms.

2. **Heimanámstímar:** kynning á aukinni þjónustu. Heimanámstímar skólans eru frá mánudögum til fimmtudaga kl. 13:10-14:00. Fyrirkomulag: Einn starfsmaður úr Skólaskjólum mætir í skólann kl. 13:00 og byrjar að taka á móti nemendum í heimanámstímann. Hringir inn og þá kemur kennari skólans, ýmist Ingibjörg Emils eða Vala, inn í heimanámstímann. Í heimanámstímanum vinna báðir að því að aðstoða nemendur við heimanámið og sinna nemendum til kl. 14:00 en þá tekur þjónusta Skólaskjólins við þar sem alltaf tveir starfsmenn eru á vakt. Börn sem eru skráð í heimanám eiga að vera í skólanum til kl. 14:00, ekki að fara fyrir heim.

**Ályktun:** Skólaráð fagnar aukinni þjónustu en best væri ef tveir kennarar sinntu heimanámstímanum til að tryggja gæði kennslunnar. Einnig er heppilegt ef boðið yrði upp á Skólaskjól frá kl. 13:10 þannig að nemendur gætu valið á milli þess að skrá sig beint inn í

Skólaskjól eða heimanámstíma. Í því kerfi sem nú er til staðar eru þeir sem fara í skólaskjól neyddir til að fara í heimanám eða þá að gat myndast hjá þeim í 50 mínútur þar til Skjólíð byrjar.

3. Fyrirkomulag nýs samnings um **mötuneyti** við Café Riis kynntur. Nú sér Café Riis um að koma með matinn í skólann, tilbúinn til framreiðslu og starfsmaður frá þeim, Ragheiður Gunnarsdóttir sér um að skammta hann á diska. Skólaliði frá skólanum aðstoðar nemendur í mötuneytinu. Almenn ánægja er með fyrirkomulagið og matinn, hann er hollur og góður.
4. Kynning á fyrirkomulagi **morgunkaffis foreldra** og skólastjórnenda. Líttill hópur foreldra kemur í morgunkaffi til skólastjórnenda í almennt spjall um skólastarfið. Áætlun fer inn á vef skólans þegar hún er klár en síðan fá foreldrar boðsbréf heim um stað og stund. Skólaráð fagnar þessum fundum og telur einnig mikilvægt er að foreldrar mæti skilningi hjá vinnuveitendum sínum og fái tækifæri til að koma og taka þátt í skólastarfi barna sinna.
5. Fyrirkomulag **námsefniskynninga** skólans kynnt. Engin breyting á fyrirkomulaginu. Námsefniskynningarnar eru þrjú kvöld og má sjá á skóladagatali. Ein breyting er þó á skóladagatali og hún er sú að námsefniskynning 1.-4. bekkjar verður mánudaginn 20. september kl. 20, í stað 14. september vegna námleysis umsjónarkennara í 1. og 2. bekk. Faggreinakennarar eru hvattir til að vera á staðnum til að veita upplýsingar til foreldra.
6. **Nemendaverdarráð:** Kynning á nemendaverndarráði. Ráðið hefur eftirlitshlutverk og er aðili sem tekur mál sem varða málefni nemenda innan skólans, ræðir þau og beinir þeim á ákveðna braut. Allir aðilar að skólasamfélaginu geta leitað til ráðsins með mál sem tengjast nemendum, ráðið reynir að greina málið og koma því áfram. Í nemendaverndarráði situr fulltrúi skólastjórnenda, fulltrúi foreldra, fulltrúi nemenda, fulltrúi heilsugæslunnar og skólasálfræðingur. Kolbrún bendir á að á Hvammstanga er það þannig að leikskólastjóri situr annan hvern fund hjá nemendaverndarráði og hefur það reynst vel. Einnig var rætt um að nemendaverndarráð getur t.d. unnið yfir sumarið þegar skólinn er í sumarleyfi og þá stoppar ekki mál nemenda yfir sumarið. Nemendaverndarráð kemur t.d. að eineltisteymi skólans sem eftirlitsaðili. Nemendur nefna að fyrirlestur Bjarna um forvarnir gegn einelti hafi virkað vel og skilaði góðum árangri og óska eftir slíkum fundi aftur. Bjarni tekur vel í það og stefnir á slíkan fund með nemendum unglingsáætlun í næstu viku. Einnig er rætt um að farið verði í forvarnir gegn einelti samkvæmt eineltisáætlun, bæði af starfsmönnum skólans og einnig af utanaðkomandi aðilum t.d. Regnbogabörnum.
7. **Sérfræðipjónusta skólans:** Þjónustan kynnt. Elmar Þórðarson talmeinafræðingur og Áspór Ragnarsson sálfræðingur koma fimm sinnum á ári til að sinna börnum skólans og leikskólans og hafa gert það í fjölda mörg ár. Rætt er um magn og gæði þjónustunnar. Þjónustan felst að miklu leyti í því að greina vanda en það sem kennurum finnst vanta er að fá lausnir og leiðir til að vinna með. Skólaráð veltir fyrir sér hvort að magn þjónustunnar sé ásættanlegt? Eiga nemendur, foreldrar og starfsfólk skólans rétt á meiri og fjölbættari þjónustu? Myndi t.d. fræðslufulltrúi skila okkur meiri þjónustu? Í nýjum menntalögum er gert ráð fyrir að starfandi sé fræðslufulltrúi við skólastofnanirnar. Veit fólk hver réttur þess er? Komið hefur fram gagnrýni frá kennurum og foreldrum um að þjónustan sé ekki nógu góð og ekki nógu víðtæk. Hefur þjónustan verið metin? Er til samningur eða einhver gögn um þessa þjónustu?

**Ályktun:** Skólaráð skorar á Fræðslunefnd að taka út sérfræðiþjónustu í leikskóla og grunnskóla Strandabyggðar, kynna sér hvað íbúar sveitarfélagsins eiga rétt á og koma með tillögur um sérfræðiþjónustu með markvissari ráðgjöf um leiðir til árangurs. Einnig skorar Skólaráð á Fræðslunefnd að kynna sér hlutverk fræðslufulltrúa og ákvæði um þá í nýju menntalögunum.

8. **Skipulag sérkennslu** kynnt. Samantekt: nú skipta Hrafnhildur Þorsteinsdóttir og Jóhanna Hreinsdóttir nemendum á milli sín, Hrafnhildur kennir 24 tíma og Jóhanna 19 tíma. Aukin áhersla á foreldrasamskipti, skráningu og mat. Skólaráð fagnar aukinni þjónustu sérkennslunnar en skorar á Fræðslunefnd að skoða aðgengi fatlaðra við skólann, skólastjórnendur ætla að tryggja að tréampur verði fjarlægður enda er hann orðinn hættulegur. Skoða verður aðgang nemenda unglingsmegininn t.d. þyrfti að fylla upp í þannig að það sé ekki eins hátt að stíga upp á stéttina. Að lokum skorar Skólaráð á Fræðslunefnd að þrýsta á að endurbótaáætlun um skólalóðina verði tekin til skoðunar og að gerð verði framkvæmdaáætlun um lóð og skólahúsnæði.

Næsti fundur Skólaráðs fer fram 14. október og umræður sem áttu að fara fram á þessum fundi færast yfir á þann fund.

Fundi slitið kl. 19:06.